



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Miðvikudagur, 28. nóvember 2018

Ákvörðun nr. 31/2018

Beiðni Olíudreifingar ehf. og Skeljungs hf. um framlengingu á undanþágu vegna söfnunar og förgunar á úrgangsolíu

I.

Málavextir og málsmeðferð

Samkeppniseftirlitinu barst erindi Olíudreifingar ehf. (hér eftir Olíudreifing) og Skeljungs hf. (hér eftir Skeljungur), þann 16. maí 2018, þar sem óskað var eftir því að undanþága sem Samkeppniseftirlitið veitti á grundvelli ákvæðis 15. gr. samkeppnislaga með ákvörðun nr. 24/2013, *Ósk umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um undanþágu frá 10. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 vegna samstarfs félaganna um söfnun og förgun á úrgangsolíu*, yrði framlengd en undanþágan var veitt með skilyrðum og gildistími hennar er til 30. nóvember 2018. Meðfylgjandi erindinu var þjónustusamningur Olíudreifingar, Skeljungs og Úrvinnslusjóðs, dags. 31. janúar 2014 og starfsreglur félaganna vegna samstarfsins, dags. 14. nóvember 2013. Erindinu fylgdi einnig yfirlýsing Úrvinnslusjóðs, dags. 11. maí 2018.

II.

Samstarfið

Í ákvörðun nr. 24/2013 komst Samkeppniseftirlitið að þeirri niðurstöðu að umrætt samstarf Olíudreifingar og Skeljungs bryti í bága við bannákvæði 10. gr. samkeppnislaga. Í samstarfinu felst að félögin standa saman að söfnun, vinnslu og eyðingu á úrgangsolíu á landsvísu. Er samstarfið umfangsmikið og felur í sér töluverð samskipti og upplýsingaskipti milli tengiliða og starfsmanna félaganna.

Í því skyni að hindra að samstarfið leiddi af sér meiri samkeppnislegar hömlur en ávinning var undanþágan bundin skilyrðum og var m.a. kveðið á um að aðilum þess væri óheimilt að miðla viðskiptalegum upplýsingum sín á milli, um að þeir settu sér reglur um samstarfið og að haldnar yrðu skýrar fundargerðir og samskiptaskrár vegna þess. Að lokum var undanþágan veitt með fyrirvara um niðurstöðu markaðsrannsóknar Samkeppniseftirlitsins á eldsneytismarkaðnum. Líkt og fyrr segir gildir undanþágan til 30. nóvember 2018.

Í erindi sínu færa félögin rök fyrir því að forsendur standi til að veita áframhaldandi undanþágu til samstarfsins. Núverandi samstarf félaganna sé á grundvelli samnings þeirra við Úrvinnslusjóð, dags. 31. janúar 2014. Samkvæmt ákvæðum samningsins er markmið hans að koma í veg fyrir mengun af völdum úrgangsolíu eftir því sem frekast er unnt, að örva og hvetja til endurnýtingar innanlands eftir því sem framast mun hagkvæmt reynast, að leita leiða til að lækka kostnað við söfnun, flutning, meðhöndlun og endurnýtingu eða



eyðingu úrgangsolíu og að minnka hlutfall vatns í úrgangsolíuúrgangi frá skilaaðilum um 10% milli ára yfir samningstímann.

Samkvæmt framangreindum samningi bera Skeljungur og Olíudreifing hlutfallslega ábyrgð á efndum hans samkvæmt aðfararorðum hans. Í samningnum eru tengiliðir samningsaðila tilgreindir og er sérstaklega áréttað að félögunum sé óheimilt að miðla hvers konar viðskiptalegum upplýsingum sín á milli eða til þriðja aðila vegna samningsins nema þeim sem nauðsynlega leiðir af framkvæmd samstarfsins.

Þá hafa félögin sett sér starfsreglur vegna samstarfsins. Í reglunum kemur fram að markmið þeirra sé að tryggja að farið verði eftir þeim skilyrðum sem Samkeppniseftirlitið setti samstarfi þeirra í ákvörðun nr. 24/2013. Í samræmi við þau skilyrði er í starfsreglunum kveðið á um stjórnun verkefnisins, skiptingu verkefna og ábyrgðar á milli Skeljungs og Olíudreifingar, samskipti á milli starfsmanna félaganna, miðlun upplýsinga á milli félaganna og fundi þeirra vegna verkefnisins. Sérstaklega er tekið fram að umfram það sem nauðsynlegt er sé með öllu óheimilt að miðla hvers konar upplýsingum á milli félaganna, t.d. um verð og viðskiptakjör og núverandi eða mögulega keppinauta eða viðskiptavini þeirra.

Í erindinu kemur fram að fyrirhugað sé að markmið nýs samnings félaganna við Úrvinnslusjóð verði hin sömu og framkvæmd hans með sambærilegum hætti og gildandi samnings. Það sé bæði mat Skeljungs og Olíudreifingar sem og Úrvinnslusjóðs að núverandi fyrirkomulag hafi gefið góða raun og tryggi eins vel og kostur sé skilvirka söfnun, förgun og endurvinnslu úrgangsolíu um land allt.

Með vísan til alls framangreinds er það mat Skeljungs og Olíudreifingar að veita beri samstarfi þeirra um söfnun og förgun úrgangsolíu áframhaldandi undanþágu. Þannig telja félögin jákvæð áhrif samstarfsins bæði með hliðsjón af samkeppnisréttarlegum sjónarmiðum sem og umhverfissjónarmiðum vegi mun þyngra en hugsanleg neikvæð áhrif. Lýsa aðilar sig reiðubúna að hlíta áfram sambærilegum skilyrðum og sett voru í ákvörðun Samkeppniseftirlitsins nr. 24/2013 sem og eftir atvikum öðrum skilyrðum sem Samkeppniseftirlitið telji nauðsynlegt til að veita megi áframhaldandi undanþágu.

Í yfirlýsingu Úrvinnslusjóðs, dags. 11. maí 2018, sem fylgdi erindi Skeljungs og Olíudreifingar kemur fram það mat sjóðsins að núverandi fyrirkomulag á grundvelli samnings hans við félögin hafi gefið góða raun. Fyrirkomulagið hafi stuðlað að aukinni hagkvæmni með bættri þjónustu við söfnun og förgun úrgangsolíu og tryggt skil án endurgjalds og óháð smurolíusöluaðila alls staðar á landinu. Fyrirkomulagið stuðli jafnframt að því að enginn ávinningur fylgi því að úrgangsolía sé losuð á óæskilegan og mengandi hátt. Þá hafi núverandi fyrirkomulag ennfremur leitt til þess að hlutfall vatns í úrgangsolíu og svartolíuúrgangi frá skilaaðilum hafi minnkað, sem hafi verið eitt af markmiðum samningsins. Er það mat Úrvinnslusjóðs að framlenging núverandi fyrirkomulags um fimm ár muni tryggja áframhaldandi gott verklag og hagkvæma söfnun og ráðstöfun úrgangsolíu um allt land.



III.

Niðurstaða

Að mati Samkeppniseftirlitsins hafa þær forsendur sem lágu til grundvallar veitingu undanþágu með ákvörðun nr. 24/2013 ekki breyst og með vísan til yfirlýsingar Úrvinnslusjóðs er unnt að fallast á að skilyrði 15. gr. samkeppnislaga séu enn uppfyllt í málinu.

Með vísan til framangreindra sjónarmiða fellst Samkeppniseftirlitið því á að framlengja umrædda undanþágu til 30. nóvember 2023 með sömu skilyrðum og voru sett með ákvörðun nr. 24/2013. Því er beint til aðila þessa máls að gætt sé sérstaklega vel að því að umrætt samstarf taki aðeins til nauðsynlegra þátta sem tengjast söfnun og förgun á úrgangsolíu. Þá gildir áfram um ákvörðunina sá fyrirvari að niðurstaða markaðsrannsóknar Samkeppniseftirlitsins á eldsneytismarkaði, sem hófst þann 5. júní 2013, hafi ekki áhrif á ákvörðunina.

III.

Ákvörðunarorð:

„Með heimild í ákvæði 15. gr. samkeppnislaga nr. 44/2005 og með vísan til ákvörðunar nr. 24/2013, framlengir Samkeppniseftirlitið undanþágu samkvæmt ákvæði 10. gr. samkeppnislaga vegna samstarfs Olíudreifingar ehf. og Skeljungs ehf. vegna söfnunar og förgunar úrgangsolíu, til 30. nóvember 2023.“

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson